

Þriðjudaginn 23. apríl 1996.

Nr. 3/1996.

**Starfsmannafélag ríkisstofnana**

(Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

**vegna ríkisspítalanna**

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísunarkröfu hafnað.

### Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Guðni Haraldsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 16. apríl sl. vegna frávísunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu birtri 12. mars sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, kt. 620269-3449.

Stefndi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, kt. 181043-4669, f.h. ríkissjóðs vegna ríkisspítalanna.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvörðun á samráðsnefndarfundi ríkisspítalanna og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. 5. 1995, um kjör læknaritara sé bindandi fyrir stefnda.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms og við þá ákvörðun verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri lögmannsþjónustu, sem stefnandi njóti ekki frádráttarréttar vegna.

Aðalkrafa stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

*Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag sem fari með samningsrétt í kjaramálum fyrir félagsmenn sína á grundvelli 5. gr. laga nr. 94/1986. Óumdeilt sé að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari með umboð til gerðar kjarasamninga við þá starfsmenn ríkisspítalanna sem séu félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR). Ríkissjóði sé því stefnt í máli þessu.

Þann 2. febrúar 1993 hafi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR gert samkomulag um að koma á samráðsnefndum innan einstakra stofnana þar sem félagar í SFR starfa. Hlutverk samráðsnefndanna skyldi vera hið sama og samstarfsnefnda skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR. Hlutverk þeirra sé skilgreint í grein 11 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1. apríl 1995. Í framkvæmd sé vald samstarfsnefnda til launaflokka-breytinga margviðurkennt. Þann 11. maí 1995 hafi samráðsnefndarfundur ríkisspítalanna (RSP) og SFR komist að samkomulagi um að gera breytingar á launaflokkaröðun læknaritara á RSP, sem gilda skyldi frá 1. janúar 1995. Við samkomulagið hafi ekki verið staðið af stefnda hálfu. Lögmaður stefnanda hafi með bréfi, dags. 27. nóvember 1995, krafist efnda á samkomulaginu. Bréfinu hafi ekki verið svarað. Krafan hafi verið ítrekuð af lögmanni með bréfi, dags. 15. janúar 1996, og tekið fram að leitað yrði atbeina dómstóla, yrði ekki við kröfunni orðið. Þar sem ríkisspítalar hafi í engu svarað téðum bréfum lögmannsins, reki stefnanda nauður til þessarar málsóknar.

*Málsástæður og lagarök stefnda varðandi frávísunarkröfuna.*

Krafa stefnanda um „að ákvörðun á samráðsnefndarfundum Ríkisspítalanna og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995, um kjör læknaritara, sé bindandi fyrir stefnda“ falli ekki undir 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ákvörðun samráðsnefndar fulltrúa ríkisspítalanna og stefnanda sé ekki kjarasamningur. Sakarefni málsins geti því ekki verið um skilning á kjarasamningi eða gildi hans, svo sem áskilið sé í fyrirnefndu ákvæði.

Að þessum ástæðum telur stefndi einsýnt að vísa beri málinu frá Félagsdómi

*Málsástæður og lagarök stefnanda vegna frávísunarkröfu stefnda.*

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómssvaldi Félagsdóms skv. 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, en í ákvæði þessu segi að undir dómssvald Félagsdóms falli m.a. að dæma um „ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.“ Stefndi telur samkomulag SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 2. febrúar 1993 vera hluta kjarasamnings á milli aðila, eða ígildi hans og stefnukrafa sé gerð á grundvelli samkomulags sem gert var með stoð í nefndu samkomulagi.

Með samkomulagi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags.

2. febrúar 1993, hafi samstarfsnefndum SFR verið komið á. Hlutverk þeirra sé þannig skilgreint:

„Hlutverk samráðsnefndanna verði það sama og samstarfsnefndanna samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana.“

Hlutverk samstarfsnefnda sé skilgreint í 11. gr. kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Kjarasamningurinn sé, að því er það atriði varðar, óbreyttur frá þeim tíma er ofangreint samkomulag var gert. Í grein 11.2. í kjarasamningnum segi m.a.:

„Hlutverk nefndanna er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði SFR, hvað snertir röðun í launaflokka, . . . Nefndirnar skulu reyna til þrautar að jafna ágreining, er upp kann að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram.“

Enn segi í grein 11.3.:

„Auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka skulu nefndirnar. . .“

Samkvæmt þessu teljist samráðsnefndirnar tvímælalaust hafa til þess umboð að endurraða í launaflokka, svo sem samið hafi verið um með lækningaritara í fyrrgreindu samkomulagi 11. maí 1995. Sú framkvæmd hafi verið óumdeild og umboð samstarfsnefnda til að skipa starfsmönnum í launaflokka alveg skýr. Um framkvæmdina vísar stefnandi til dskj. 6-14. Af þeim telur stefnandi mega ráða hvernig framkvæmd hafi verið háttáð, m.a. vegna starfsfólks á ríkisspítölum.

Þá vísist um umboð samstarfsnefnda til dóms Félagsdóms frá 22. nóvember 1993 í máli Félags íslenskra símamanna vegna Dóru Halldórsdóttur gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi telur þann dóm sýna að samstarfsnefndir hafi mjög rúmt vald.

Ljóst sé að samkomulag aðila frá 2. febrúar 1993 þýði að samráðsnefndir hafi sama hlutverk og vald og samstarfsnefndir skv. kjarasamningi, enda beinlínis kveðið á um það í texta samkomulagsins. Samráðsnefndin hafi á fundi þann 11. maí 1995 ákveðið breytingar á launaflokkaröðun læknaritara, sem gilda skyldi frá og með 1. janúar 1995. Undir það samkomulag hafi ritað Bjarni Ingvársson, fulltrúi ríkisspítala í samráðsnefndinni. Með því að skipa hann í nefndina hafi RSP viðurkennt bæði umboð nefndarinnar og umboð Bjarna til að fara með forsvar fyrir RSP í nefndinni. Fram-

kvæmd sýni einnig að sú hafi verið raunin og vísast þar um til fyrri ákvarðana á dskj. 10 og 14, en við þær ákvarðanir hafi verið staðið.

Samráðsnefnd hafi á fundi sínum þann 11. maí 1995 tekið ákvörðun um breytingar á launaflokkaröðun læknaaritara. Sú ákvörðun hafi verið tekin á nákvæmlega sama hátt og tíðkað hafi verið um slíkar ákvarðanir. Ákvörðunin sé því bindandi fyrir ríkisspítalana og lækna riturum hafi samkvæmt því átt að raða í launaflokka í samræmi við ákvörðunina frá 1. janúar 1995 svo sem krafist er viðurkenningar á í máli þessu.

*Niðurstaða.*

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli samningsaðila um „Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.“

Með samkomulagi málsaðla, dags. 2. febrúar 1993, skyldi komið á fót samráðsnefndum innan einstakra stofnana, þar sem félagsmenn stefnanda störfuðu. Samkvæmt samkomulaginu skal hlutverk samráðsnefnda vera það sama og samstarfsnefnda samkvæmt kjarasamningi málsaðila. Með bréfi, dags. 21. júní 1993, fól fjármálaráðherra ríkisspítölum framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd samkvæmt heimild þeirri, er greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1990.

Samkvæmt 11. gr. í gildandi kjarasamningi málsaðila fjalla samstarfsnefndir meðal annars um mál, sem snerta röðun í launaflokka. Hin umdeilda ákvörðun samráðsnefndar stefnanda og ríkisspítala frá 11. maí 1995 fól í sér nýja röðun starfsheita í launaflokka. Í bréfi fjármálaráðuneytisins til ríkislögmans, dags. 21. mars 1996, í tilefni af máli þessu, kemur fram, að ráðuneytið telur hina umdeildu ákvörðun samráðsnefndarinnar fela í sér breytingar á kjarasamningi. Í gildandi kjarasamningi málsaðila er kveðið á um röðun starfsheita í launaflokka og almennt verður að telja, að slík málefni falli undir efni kjarasamninga, eins og það er markað í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1986. Þá er sérstaklega tekið fram í bókun 2 í kjarasamningi aðila frá 12. apríl 1995 að samningsaðilar muni á samningstímanum endurskoða ákvæði samningsins um röðun í launaflokka með það fyrir augum að auka innbyrðis samræmi og einfalda röðunarreglur. Miða skal breytingar við það að allt að 2/3 hlutar starfsmanna hækki um launaflokk eða í öðrum atriðum samsvarandi

breytingar. Skulu samstarfsnefndir samningsaðila ganga frá breytingum þessum, sem taka gildi eins og nánar greinir í bókuninni.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, verður talið, að sakarefnið falli undir valdsviðs Félagsdóms, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Kröfu stefnda um frávísun málsins er því hafnað.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Frávísunarkröfu stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er hrundið.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

#### **Dómur Hæstaréttar 20. maí 1996.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms 23. apríl 1996 um að hafna frávísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá Félagsdómi. Til vara krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar um frávísunarkröfuna. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili telur þá málsmeðferð Félagsdóms andstæða meginreglum einkamálaréttarfars að styðja niðurstöðu hins kærða úrskurðar við bókun 2 með kjarasamningi málsaðila 12. apríl 1995 án þess að gefa honum kost á að tjá sig og koma að andmælum. Ekki þykir næg ástæða til að ómerkja hinn kærða úrskurð af þessum sökum, enda er dómur ekki bundinn af úrskurði um synjun frávísunarkröfu, ef fram koma nýjar upplýsingar undir rekstri máls um þau at-

riði, sem úrskurðað var um, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, gerðu málsaðilar með sér samkomulag 2. febrúar 1993 um að koma á samráðsnefndum innan einstakra stofnana, þar sem félagsmenn varnaraðila starfa. Hlutverk samráðsnefndanna skyldi vera hið sama og samstarfsnefnda samkvæmt kjarasamningi. Í 11. gr. kjarasamnings málsaðila segir, að samstarfsnefndir skuli fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði Starfsmannafélags ríkisstofnana, hvað snertir röðun í launaflokka, og gildi það einnig um fólk, sem færast milli starfa innan stofnunar eða milli stofnana. Nefndirnar skuli reyna til þrautar að jafna ágreining, sem upp kunni að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram. Þá segir, að nefndirnar skuli fjalla um allar kærur, sem upp komi varðandi framangreinda hópa, auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka.

Á samráðsnefndarfundi málsaðila 11. maí 1995 var gerð samþykkt um röðun lækna ritara í launaflokka. Varnaraðili hefur höfðað mál þetta til viðurkenningar á bindandi gildi þeirrar samþykktar. Sóknaraðili telur á hinn bóginn, að samráðsnefndin hafi farið út fyrir umboð sitt og tekið ákvörðun um málefni, sem aðeins mátti ráða til lykta með kjarasamningi.

Niðurstaða málsins um bindandi gildi umræddrar samþykktar ræðst af skýringu á hlutverki samráðsnefnda samkvæmt samkomulagi aðila 2. febrúar 1993, sem vísaði til ákvæða kjarasamnings um samstarfsnefndir. Málið verður því talið risið af ágreiningi um skilning á kjarasamningi og heyra undir dómsvald Félagsdóms, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

---